



# **Veistu hvað þú ert með í höndunum?**

**Bryndís Skúladóttir**

**Samtök iðnaðarins**

**5. september 2013**



Ný aðferðafræði við hættumat efna  
Breyttar merkingar á hættulegum vörum  
Upplýsingaflæði í aðfangakeðju  
Breytingar á öryggisblöðum  
Ábyrgð þeirra sem höndla með efnavörur

# Margvíslegar breytingar á löggjöf



**Eftirlit** með efnavörum færast meira til Umhverfisstofnunar og áhersla verður á innflutningsaðila og framleiðendur

**Eiturefni og varnarefni** - Leyfisveitingar færast að hluta til Umhverfisstofnunar

**Sæfiefni** - Markaðsleyfi á Íslandi fyrir viðarvörn, sótthreinsiefni, gróðurhindrandi efni ofl.

**Snyrtivörur** - Tilkynna þarf markaðssetningu á EES-svæðinu og skrá í gagnagrunn

**Ósoneyðandi efni** - Starfsmenn sem vinna með efnin skulu hafa vottun sem tryggir að þeir hafi hlotið menntun og þjálfun í meðferð þeirra

# Merkingar hættulegra efna



- Samræmdar merkingar í Evrópu, USA og víðar
- Lögun og myndir á merkjum samræmt við flutningamerki



- **R**egistration      Skráning
- **E**valuation      Mat
- **A**uthorisation      Leyfisveiting
- of
- **CH**emicals      Efna

# Af hverju breytt löggjöf



REACH leysti af hólmi um 40 eldri tilskipanir

Áður var gerður greinamunur á „nýjum“ og „eldri“ efnum. Þau „eldri“ voru skráð fyrir árið 1981 en efni markaðssett eftir 1981 eru „ný“ efni

Áhættumat eldri efna var höndum stjórnvalda og gekk hægt

Gerðar voru strangar kröfur um prófanir „nýrra“ efna en skortur er á þekkingu á „eldri“ efnum

Strangar reglur um prófanir nýrra efna hömluðu nýsköpun og þróun

# Ábyrgð færð til fyrirtækja



REACH breytti þessu vinnuferli. Nú er það í höndum atvinnulífs að meta hættu af efnum og hvernig megi nota þau á öruggan hátt

Framleiðendur og innflytjendur afla upplýsinga um eiginleika efna sem þeir framleiða eða flytja inn

Upplýsingar um efni fara á milli fyrirtækja í aðfangakeðju

Sá sem setur efni á markað eða selur þau ber ábyrgð á að þekkja það sem hann er með í höndunum

**Sönnunarbyrði** um öryggi efna er færð frá yfirvöldum til fyrirtækja sem framleiða og flytja inn efni

**Upplýsingaflæði** í aðfangakeðjunni tryggir að allir viti hvað þeir eru með í höndunum

Allir þurfa að **þekkja efnin** sem þeir afhenda eða nota: Framleiðandi, innflytjandi, dreifiaðili, söluaðili, notandi í atvinnuskyni



# Öryggisblöð



**Öryggisblöð** fá aukið vægi sem mikilvægasti liðurinn í upplýsingaflæði milli aðila

Allir sem setja hættuleg efni eða efnablöndur á markað eiga að **afhenda viðskiptavinum** sínum öryggisblöð.

Þeir sem nota efni í **atvinnuskyni** eiga að fá öryggisblöð en ekki þarf að afhenda þau almennum notendum

Öryggisblöð á að útbúa fyrir öll efni og efnablöndur sem eru **flokkuð hættuleg**, óháð magni sem er sett á markað

Öryggisblöð verða **ítarlegri** en áður

# Öryggismat og öryggisskýrsla



Efni markaðssett yfir 10 tonn/ár fara í öryggismat

Meta og skrá áhættu við meðhöndlun og notkun efna og sýna fram á að hægt sé að **stýra áhættunni**

Meta skal áhættu fyrir menn og umhverfi fyrir öll þekkt **notkunarsvið**

Niðurstöður á að birta í **öryggisskýrslu** (Chemical Safety Report, CSR)

Upplýsingar um notkunarsvið og áhrif sem fólk og umhverfi verður fyrir eiga að flæða upp og niður aðfangakeðjuna

Ef ekki er gerð grein fyrir notkunarsviði í öryggisblöðum ber notanda að gefa framleiðanda upplýsingar um það

Upplýsingagjöf upp aðfangakeðjuna hefur mikilvægt gildi og er lykilatriði til að ná meginmarkmiði REACH; betri upplýsingar um meðhöndlun efna og minni áhætta við notkun þeirra

**Framleiðandi: framleiðir hrein efni**

**Innflytjandi: flytur inn efni eða efnablöndur frá löndum utan  
EES**

Skal **skrá** öll efni í magni yfir 1 tonn/ár

Sér um **leyfisveitingu** ef þarf

Sér um **hættuflokkun- og merkingu** efna

**Öryggisblöð** skulu fylgja öllum hættuflokkuðum  
efnum og efnablöndum

Öryggismat og öryggisskýrsla skulu fylgja  
öryggisblöðum fyrir efni í magni yfir 10 tonn/ár

# Aðili neðar í aðfangakeðju



## Notar efnin í atvinnustarfsemi, t.d. við framleiðslu á efnablöndum eða hlutum

Tryggir að **öryggisblöð** séu til staðar fyrir starfsmenn sem vinna með efnin

Skal kynna sér **áhættu** við notkun efna og fylgja leiðbeiningum um örugga notkun

Tryggir að **öryggisblöð og öryggisskýrsla** fylgi efnavörum sem þeir afhenda til viðskiptavina sinna

Gefur upplýsingar um notkunarsvið svo að framleiðandi eða innflytjandi geti gert **öryggismat** fyrir tiltekin notkunarsvið

Hefur heimild til að uppfæra sjálfur **öryggisblöð og öryggisskýrslu** fyrir notkunarsvið sitt

Getur sótt um **leyfi** fyrir notkun efna

## **Einstaklingur eða lögaðili á EES svæðinu, þ.m.t. smásali, sem geymir og markaðssetur efni eða efnavöru**

Gefur framleiðenda eða innflytjanda nægilegar upplýsingar frá eigin viðskiptavinum um notkunarsvið þeirra og efnaálag vegna **öryggismats** fyrir notkunarsvið sem máli skipta

Sér um að **öryggisblöð** séu tiltæk og uppfærð fyrir atvinnurekendur og aðila neðar í aðfangakeðju

## Umhverfisstofnun

Setur upp **þjónustuborð** þar sem hægt er að fá upplýsingar og leiðbeiningar

Sér um **framkvæmd, eftirlit og fræðslu** til almennings

## Efnastofnun Evrópu

Tekur við **skráningum**, og rekur opinn **gangagrunn** með upplýsingum um efni, m.a. samræmdar merkingar

**Metur** gögn sem framleiðendur og innflytjendur skila við skráningu efna og leggur til frekari prófanir ef þörf er á

**Metur** hvaða efni þurfa leyfi og leggur til takmörkun á notkun

Birtir upplýsingar um **leyfisveitingar og takmarkanir** á notkun efna